145 þjónustusamlega skora á yður, herra póstmeistari, að greiða úr póstsjóði 100 kr. hreppsnefndinni í Bæjarhreppi og 1 20 krónur Eggerti verzlunarstjóra Benediktssyni.

146 **Brjef landshöfðingja** *til bæjarfógetans í Reykjavík* **um að methylvínandi sje toll-**
14 oktbr. **frjáls.** — Jafnframt því að skýra frá því, að hingað hafi flutzt með póstskipinu »Laura« 5. þ. m. meðal annars 10 gallons af methylalkohol (mehylated spirits), sem haft sje til ljósmyndagjörðar, en verði alls eigi notað til drykkjar, hvorki blandað nje óblandað, og að viðtakandi sendingar þessarar, Sigfús bóksali Eymundsson, hafi færzt undan að greiða toll af henni, hafið þjer látið það álit yðar í ljósi, að eigi beri að heimta toll af áminnstum vínanda, með því hann verði eigi talinn til áfengisdrykkja, sbr. fyrirsögn tolllaganna, tilsk. 26. febr. 1872, laga 11. febr. 1876 og 7. nóvbr. 1879 »um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum«, og ráðherrabrjef 21. ágúst 1886. Og hafið þjer leitað úrlausnar minnar um það, hvort skilningur yðar í þessu efni sje rjettur.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg er á sömu skoðun og þjer um það, að innfluttar lagartegundir því að eins verði álitnar tollskyldar, þótt þær innihaldi vínanda, að þær sjeu ætlaðar til eða geti orðið notaðar til drykkjar, og að því beri eigi að heimta toll af methylvínanda, sbr. áðurnefnt ráðgjafabrjef.

147

# Reikningur

yfir tekjur og gjöld landsbókasafnsins árið 1895.

| Tekjur: | Kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|
| 1. Sjóður við árslok 1894: | | |
| a. innritunarskírteini . . . . . . . . | 6600 00 | |
| b. $3^1/_2$% ríkisskuldabrjef . . . . . . . | 800 00 | |
| c. í landsbankanum . . . . . . . . | 42 15 | |
| d. í sjóði hjá gjaldkera . . . . . . . | 67 61 | 7509 76 |
| 2. Vextir: | | |
| a. af innritunarskírteini $^{11}/_6$94—$^{11}/_6$95 . . . | 231 00 | |
| b. ríkiskuldabrjefum $^{11}/_6$94—$^{11}/_6$95 . . . . | 28 00 | |
| c. af fje í landsbankanum . . . . . . . | 44 47 | 303 47 |
| 3. Styrkur úr landssjóði: | | |
| a. til að kaupa bækur o. fl. . . . . . . | 2500 00 | |
| b. til eldiviðar, áhalda o. fl. . . . . . . . | 450 00 | |
| c. brunabótargjald . . . . . . . | 300 00 | |
| d. af fje, sem ætlað er til aðstoðar við bókavörð . | 100 00 | 3350 00 |
| 4. Bætt við ríkisskuldabrjef upp á . . . . . . . . | | 200 00 |
| | Kr. | 11363 23 |

| Gjöld: | Kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|
| 1. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands . . . . | | 2317 67 |
| 2. Fyrir eldivið og ílagning . . . . . . . . . . | | 217 92 |
| 3. Fyrir hreinsun og ræsting . . . . . . . . . . | | 57 25 |
| 4. Fyrir járnhlera og járnhurð . . . . . . . . . | | 432 33 |
| 5. Fyrir ýmislegt. . . . . . . . . . . . . | | 24 15 |
| 6. Fyrir keypt ríkisskuldabrjef með vöxtum . . . | | 207 34 |
| 7. Fyrir aðstoð við að lagfæra gömul handrit . . . . | | 100 00 |
| 8. Brunabótagjald . . . . . . . . . . . . | | 300 00 |
| 9. Sjóður við árslok 1895: | | |
| a. innritunarskírteini, Litr. A. Fol. 101 . . . | 6600 00 | |
| b. 3½% ríkisskuldabrjef Litr. E. Nr. 21830, 11601, 5326, 21811, og 1934 á 200 kr. . . . | 1000 00 | |
| c. í landsbankanum . . . . . . . . . | 44 47 | |
| d. í sjóði hjá gjaldkera . . . . . . . . | 62 10 | 7706 57 |
| | Kr. | 11363 23 |



Reykjavík 29. febr. 1896.
*Eiríkur Briem.*

Reikning þenna höfum við yfirfarið með fylgiskjölum og finnum ekkert við hann að athuga.

*Björn Jensson. Þórh. Bjarnarson.*

**Styrkveitingar úr landssjóði.**

samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1896 og 1897, 13. gr. B. VI. b. 1.

Til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum var með brjefi landshöfðingja, dagsettu 14. oktbr. 1896, veittur þessi styrkur fyrir 1896.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Barnaskóla í Vestmannaeyjum . . | kr. | 200 00 |
| 2. | —— í Þykkvabæ . . | — | 200 00 |
| 3. | —— á Eyrarb. og Stokkseyri | — | 318 00 |
| 4. | —— í Grindavík . . . . | — | 167 00 |
| 5. | —— í Útskálum . . . . | — | 443 00 |
| 6. | —— í Keflavík . . . . | — | 143 00 |
| 7. | —— í Njarðvík . . . . | — | 110 00 |
| 8. | —— á Vatnsleysuströnd . | — | 200 00 |
| 9. | —— í Garðahreppi . . . | — | 443 00 |
| 10. | —— í Bessastaðahreppi . . | — | 200 00 |
| 11. | —— í Seltjarnarneshreppi . | — | 376 00 |
| 12. | —— á Skipaskaga . . . | — | 360 00 |
| 13. | —— í Ólafsvík . . . . | — | 385 00 |
| 14. | —— á Sandi . . . . . | — | 210 00 |
| 15. | —— í Hnífsdal . . . . | — | 200 00 |
| 16. | —— í Súðavíkurhreppi . . | — | 130 00 |